

Eitt stærsta leiksvið landsins

## Félagsheimilið Stapi í Njarðvík vígt

Njarðvíkingar voru heldur en ekki léttir í skapi og þó um leið hátíðlegir á svip er þeir gengu til samkomu um fjögurleytið á laugardaginn var. En þá hófst vígsluhátíð nýs félagsheimilis í Njarðvíkum, hins ágætasta húss, sem getur, ef vel er á haldið, ekki aðeins orðið Njarðvíkingum heldur og nágrennabæjum þeirra til mikilla þrifa.

Í félagsheimilinu, sem hlaut nafnið „Stapi“ er samkomusalur stór til allra hugsanlegra nota og upp af honum eru svalir er taka um 150 manns. Þarna er einnig annað stærsta leiksvið landsins og nálægt því þrýðileg búningsherbergi, og því verða það máske sögð mest tíðindi af þessu félagsheimili að Suðurnesjamenn hafa nú til umræða

### Skipstjórnir hlutu báðir 260 þúsund kr. sekt

Á sunnudag og í gær voru kveðnir upp í sakadómi Reykjavíkur dómari í málum skipstjóranna á togurunum Hallveigu Fróðadóttur og Þorkatli mána er varðskipið Albert tók að löglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna suður af Mallarrífi á Snæfellsnesi sl. fimmtudagskvöld. Féllu dómarnir á þá lund að báðir skipstjórnir voru sekir fundir um landhelgisbrot. Var þeim hvorum um sig gert að greiða 260 þús. kr. sekt til Landhelgisjódís Íslands og afli og veiðarfæri beggja skipanna gerð upptæk. Báðir skipstjórnir áfrýjuðu til Hæstaréttar.

Dómurinn í máli Magnúsar Ingólfssonar skipstjóra á Hallveigu Fróðadóttur var kveðinn upp á sunnudag af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara en dómurinn í máli Hannesar Ragnars Franzsonar skipstjóra á Þorkatli mána var kveðinn upp af Gunnlaugi Briem sakadómara. Meðdómendur í bæði skipin voru skipstjórnir Halldór Ingimarsson og Karl Magnússon.

gott leikhús. Einnig er þarna ágæt aðstaða til kvikmyndasýninga. Þá er í húsinu minni fundarsalur, bókasafn hreppsins og þrjú minni fundarherbergi, og enn fremur er áformað að byggja við húsið kapellu, sem jafnframt verði húsnæði fyrir tónlistarskóla hreppsins.

Kostaði 9½ milljón

Hátíðin hófst með borðhaldi. Síðan lék Röngrvaldur Sigurjónsson þrjú verk eftir Chopin. Þá flutti formaður byggingarnefndar, Ólafur Sigurjónsson ræðu og rakti sögu hússins. Fyrst var málinu hreyft fyrir tíu árum, en þá var neitað um slíka fjárfestingu. Leyfið fékkst síðan árið 1957 og voru framkvæmdir hafnar árið eftir og hefur verið unnið meira og minna að húsinu öll ár síðan. Húsið er 1220 ferm. og 6500 rúmm. og kostnaðarverð þess er nú orðið 9½ millj. króna.

Sigvaldi Thordarson teiknaði húsið, en Þorvaldur Kristmundsson gerði smærri innréttingar eftir að Sigvaldi féll frá. Járna-teikningar og ýmisleg önnur verkfræðileg atriði annaðist verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen. Skarphéðinn Jóhannsson stjórnaði byggingarstörfum, frú Ásgerður Búadóttir gerði skreytingar á útvegi hússins, en Ragnar Kjartansson í Glit skreytti vegg í anddyri. Öllum þessum aðilum svo og því fólki öðru er bygginguna reistu flutti Ólafur beztu þakkir. Hann þakkaði einnig þá raun er landeigendur í Njarðvík og Vatnsnesi sýndu er þeir gáfu 17 þúsund fermetra land undir félagsheimilið.

Alfahöll — til hvers?

Ólafur kvaðst vona að staðarmenn kynnu að meta þetta ágæta hús, er líkist alfahöll í draumum forfæðranna, og að það mætti verða þeim til félagslegrar uppbyggingar. Að svo mæltu afhenti hann formanni hússtjórnar, Oddbergi Eiríkssyni, húsið. Var þá afhjúpað nafn heimilisins, Stapi, — en áður höfðu einnig verið uppi getgátur um að því yrði gefið nafnið Njörður. Framhald á 3. síðu.



Formaður byggingarnefndar, Ólafur Sigurjónsson, (t.v.) afhendir formanni stjórnar, Oddbergi Eiríkssyni, félagsheimilið. Ljós. H.S.

## Tvívegis ekið á kyrrstæða lögreglubíla um helgina

Sem kunnugt er stendur yfir hjá Umferðarnefnd um þessar mundir könnun á ljósaútbúnaði bíla og er það annar þáttur í herferðinni segn umferðarslys-um. Sá fyrsti var leiðbeiningar til gangandi vegfarenda.

Lögregluþjónar sinna þessum þætti herferðarinnar sem hinum fyrri og elta þá bíla og stöðva, þar sem eitthvað virðist athugasemjulegt við ljósaútbúnað eða akstur. En heldur virðist þetta hættulegur starf og var nú um helgina tvívegis ekið á lögreglubíla, sem voru að sinna þessum skyldustörfum.

Seint á föstudagskvöld stöðvaði lögreglan bílstjóra á Hringbraut, sem gleymt hafði að kveikja á afturljósumum, og lagði lögreglan sínum bíl framman við hinn, sem var Mercedes Benz. Fór bílstjórnin inn í lögreglubílinn en er hann ætlaði inn í slinn bíl aftur kom Ford Consul bifreið og ók aftan á Benzinn með þeim afleiðingum að hann skall á lögreglubílinn. Tvær stúlkur voru í Fordinum og slösuðust báðar og stúlka, sem sat í miðbílunum, kastaðist út, en það vildi svo hepplega til að hún lenti á grasi og sak-

að hana ekki. Lögregluþjónarnir sluppu ómeiddir. Mercedes Benz bíllinn er gjörónýtur.

Á sunnudagskvöld stöðvaði lögreglan enn bíl við Hringbraut vegna ljósaútbúnaðar og minnugir fyrri áreksrar löngu lögregluþjónarnir, sínum bíl aftan við að þessu sinni. En það skipti engum togum, þeir voru nýstignir úr bílnum og drukkinn ökurinn bar þá og ók hann beint aftan á lögreglubílinn. Engan sakaði að þessu sinni, en sá drukkni var tekinn fastur.

## Druknaði í Seyðisfjarðarhöfn

Seyðisfirði 25/10 — Hinn 10. október sl. var eins af skipverjum á vb. Önnu frá Siglufirði saknað hér á Seyðisfirði. Var mikil leit gerð að manninum, Ásgrími Halldórssyni, þannig leitaði skátasveit og hafði sporhund meðferðis. Í gærmorgun, sunnudag, fann Hafsteinn Jóhannesson, kafari á vb. Eldingu, lík Ásgríms undir Shellbryggjunni. — GS.

# ÞJÓÐVILJINN

Þriðjudagur 26. október 1965 — 30. árgangur — 242. tölublað.

Alvarlegt ástand í samgöngum V-Skaftfellinga

## Horfir til vandræða ef ekki styttir upp

Þjóðviljinn hafði samband í gær við Björgvin Salómonsson, skólastjóra heimavistarskólans í Mýrdal, til þess að fræðast um vegaspjöll og samgöngutruflanir í Vestur-Skaftafellssýslu. Björgvin var einmitt nýkominn frá því að skoða brúna yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Björgvin sagði meðal annars:

„Ílla horfir fyrir Vestur-Skaftfellingum um þessar mundir vegna samgöngutruflana að og frá sýslunni, — en brúin yfir Jökulsá á Sólheimasandi hefur verið í lamasesji undanfarna daga. Þetta getur orðið mikið tjón fyrir bændur í sýslunni, — mjólkurinnleggið frá bændum mun nema 70 þúsund krónum á dag til Mjólkurbúsins á Sel-fossi.

Þá varð að hætta við sauðfjárlátrun á Klaustri í miðjum klíðum, — þar eru frystihús yfirfull af kjöti, en gætur og slátur þurfi að senda jafnóðum með bílum til Reykjavíkur. Þá varð að hætta við stórgripaslátrun í Vík í Mýrdal.

Síðdegis í dag fór ég að brúnni og var þá unnið beggja megin við hana en mjólk er selldu sem stendur linnulaust yfir brúna og veldur auðvitað miklu erfið og aukakostnaði.

Aðfaranótt sunnudags gróf áflaumurinn undan næst austasta stöplinum og hefur hann færzt til um einn metra undan straumnum og sigið og skekkzt, — er þannig mikill hliðarhælli og hlykkur á brúnni þar. Er þegar hafinn undirbúningur að því að rétta brúna við. Verður þó erfið um vik, fyrir en vatnsgangurinn linnir í ánni.

Vestan megin er búið að fylla upp í skarðið á veginum og hefur uppfyllingin verið styrkt með virneti og grjóti til þess að áflaumurinn söpi henni ekki þegar aftur í burtu og mæðir nokk-

uð þar á af vatnagangi. Engin umferð er vitaskuld leyfð um brúna af farartækjum, en mjólk-urbrúsar eru selfluttir af fót-gangandi mönnum yfir brúna af einum bíl á annan, — er þetta mikið óhagræði og mikið erfiði fyrir viðkomandi menn, sem annast þetta. Núna seinni hluta dags hefur rigninguna stytt upp, — en það er spáð áframhaldi rigningu á morgun. Horfir senn til alvarlegri vandræða, ef ekki styttir upp á næstunni.

Þá hefur Klifandi hlaupið úr farvegi sínum og hefur tekið í sundur þjóðveginn beggja megin við brúna á veginum sem liggur upp að bænum Áltagróf. Þetta horfir sannarlega til vandræða fyrir okkur hér í Vestur-Skaftafellssýslu“, sagði Björgvin að lokum.

## Mál brezka skipstjórans

Seyðisfirði 25/10 — Réttarhöld í máli brezka skipstjórans Hugh Leifhertz hófust hér á Seyðisfirði kl. 5 síðdegis í dag, mánudag. Kom skipstjórnin fyrir réttinn og var yfirheyrður fram eftir kvöldinu. Játaði hann að hafa verið að veiðum á umræddum slóðum milli kl. 4 og 6 daginn sem SIF kom að hönum, og talið sig vera við línu þegar flugvélin flaug yfir og þá siglt út, suðaustur. — Viðstaddir réttarhöldin eru fulltrúar brezka útgæðarfélagssins og réttargæzlumaður skipstjóra. Pétur Blöndal og Gísli Ísleifsson hrl, Jónatan Sveinsson fulltrúi saksóknara, svo og skipstjóri og stýrimenn á varðskioinu Öðni. — GS.

## Þingsjá

Rætt um eigna- og afnotarétt fasteigna:

## Íslendingar eigi allt hlutafé og hafi öll atkvæði hluthafa

Við umræður á Alþingi í gær um eigna- og afnotarétt fasteigna benti Ragnar Arnalds á hættur sem fölgur eru því að veita útlendingum mikil íttök í fasteignum hér á landi. Taldi hann nauðsynlegt að allt hlutafé í fyrirtækjum væri í höndum Íslendinga sjálfra og öll atkvæði á hluthafafundi. Væri æskilegt talið að hafa þetta á annan veg ætti að samþykkja um það sérstök lög.

Frumvarpið um eigna- og afnotarétt fasteigna var einnig flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki endanlegri afgreiðslu. Er það nú endurflutt með þeirri breytingu að 4/5 hlutar hlutafjár skuli vera í höndum Íslendinga, en einfaldur meiri hluti atkvæða á hluthafafundi Íslenskur. Mælti Jóhann Hafstein dómarmálaráðherra fyrir frumvarpinu í gær og

skýrði jafnframt frá því að meginbreytingin skyldi vera sú að

Íslenskt ríkisfang en ekki heimil- isfang þyrfti til að vera hæfur

til að njóta réttinda samkvæmt lögunum.

Ragnar Arnalds benti á að í nefnd er um málið fjallaði í fyrri hefði ekki verið ágreiningur um meginatriði frumvarpsins, hins vegar hefði greint á einkum

um tvö atriði. Í fyrsta lagi um það hve mikill hluti hlutafjár skyldi í eigu Íslendinga. Hefðu Framsóknarmenn lagt til að 75% skyldu í eigu Íslendinga sjálfra en Alþýðubandalagið að allt hlutafé væri í eigu Íslendinga og sérstaka lagaheimild þyrfti til, ef út af ætti að bregðast.

Þá sagði Ragnar að ágreiningur hefði verið um það í nefndinni að ráðherra ætti að vera heimilt að veita undanþágu frá lögunum um eignaraðild og réttindi útlendinga. Taldi Ragnar að ákvæði þetta þyrfti að fella niður með öllu úr frumvarpinu.

Nú er í frumvarpinu gert ráð fyrir að 80% hlutafjár skuli í eigu Íslendinga, en aðeins einfaldur meiri hluti Íslenskrir ríkisborgarar sagði Ragnar. En til samantvívunar mætti geta þess að 20% atkvæða á hluthafafundum mættu vera í forsjá útlendinga

samkvæmt lögum hinna Norður-landabjóðanna.

Ragnar sagði að okkur væri meiri nauðsyn en öðrum þjóðum að hafa ákvæði um slík efni skýr í lögum vegna sérstöðu okkar og þá sérstaklega fámennisins. Ríkisstjórnin stæði nú í samninga- málum við útlendinga og væri með hliðsjón af því full ástæða til að gæta ýtrustu varkærni í lagasetningu. Þess vegna myndi Alþýðubandalagið halda fast við tillögur sínar frá í fyrri um breytingar á þessu frumvarpi.

Ragnar benti að lokum á það að sex umræður á Alþingi þarf til þess að ríkið selji landspítlu, en skv. frumvarpinu ætti einföld ráðherraheimild að nægja til að veita undanþágu frá lögunum um eigna- og afnotaréttinn!

Fleiri tóku ekki til máls og var málinu vísað til 2. umræðu og nefndar.

## Frumvarp um Landspítalann

Hannibal Valdimarsson, Lúdvík Jósefsson og Ingvar Gíslason endurflytja á alþingi svohljóðandi frumvarp um Landspítala Íslands:

1. gr. „Auk Landspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landspítalans í öllum landsfjórðungum. Skal ein fjórðungsdeild vera á Vestfjörðum, ein eða tvær á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum, en hin fjórða á Suðurlandsundirlöndinu ef

heilbrigðismálastjórnin telur ástæðu til að staðsetja þar landspítaladeild, sökum nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík. 2. gr. — Fjórðungsdeildir Landspítalans skulu vera búnar fullkomnu læknings- tækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum og lyflækningum. 3. gr. Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum lands-

fjórðungi þannig búið eða staðsett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landspítalans, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins. 4. gr. Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Trygg- ingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeilda, ef heilbrigðis- málaráðherra óskar þess. 5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967“.



Lúdvík Jósefsson



Hannibal Valdimarsson